

Mánudaginn 24. september 1973.

Nr. 39/1973: **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)

gegn

Ásmundi Jóhannssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og
Benedikt Sigurjónsson.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Í bréfi Hafrannsóknastofnunarinnar, dags. 15. marz 1973, til saksóknara ríkisins er þeirri spurningu saksóknara, hver afstaða stofnunarinnar sé til þess, að ákærði hafi verið að togveiðum innan fiskveiðimarkanna, svarað á þennan hátt:

„ . . . Vegna margra kvartana ýmissa skipstjóra um mikinn ágang báta í smáfisk, aðallega ýsu, við suðausturströndina, t. d. við Ingólfshöfða, og þar bæði innan landhelgi sem utan, ákvað Hafrannsóknastofnunin seint í júlí 1972 að reyna að fá þeim svæðum lokað, sem mestur ágangur var á. Samkvæmt álitum sjávarútvegsráðuneytisins var ekki fyrir hendi lagaheimild til slíkrar lokunar, en hins vegar var ákveðið:

a) að biðja skipstjóra með auglýsingu að forðast smáfiskasvæðin

b) að rannsaka afla bátanna á svæðunum.

Hið fyrra var hlutverk ráðuneytisins, hið síðara hlutverk Hafrannsóknastofnunarinnar.

Stofnunin fékk því leyfi eigenda tveggja báta — annar var m/b Ársæll Sigurðsson, GK 320 — til þess að hafa rannsóknamann með í eina veiðiferð, og skyldi hann hafa með höndum lengdarmælingar á afla eftir því, sem aðstæður leyfðu. Bátar þessir voru ekki teknir á leigu né á neinn hátt tengdir Hafrannsóknastofnuninni

umfram það, sem áður er sagt. Hér var um að ræða greiðasemi tveggja útgerðarmanna við Hafrannsóknastofnunina. Vegna þess áhuga, sem vitað var, að Hafrannsóknastofnunin hafði á þessum veiðum, og skipstjóra var vitaskuld kunnugt um vegna veru rannsóknamannsins um borð, efast ég að sínu leyti ekki um réttmæti framburðar skipstjóra... um ástæður þess, að hann hóf veiðar innan markanna, sérstaklega með tilliti til þess orðróms, sem fór af veiðum innan landhelgi á þessu svæði og áður er vikið að. Framburður rannsóknamannsins... virðist mér styrkja þetta álit, enda kom fram, að smáfiskur veiddist vart utan línu, en ástæða til að ætla, að hann væri nær landi og þá veiddur innan landhelgi, eins og kvartað hafði verið um. Þannig kann vera rannsóknamannsins um borð að hafa verkað óbeint hvetjandi í þá átt að afla sýnishorna af smáfiski, þótt hann hafi alls ekki með orðum né gerðum hvatt til landhelgisbrots, enda kemur það skýrt fram í málsskjölum“.

Í sama bréfi er þeirri spurningu saksóknara, með hvaða hætti starfsmaður stofnunarinnar hafi reynt að fá opinbert leyfi til veiða innan fiskveiðimarka, svarað svo:

„... Rannsóknamaðurinn reyndi að fá opinbert leyfi til að veiða innan landhelgi á þann hátt að hafa talsamband við mig. Ég tjáði honum, að ég teldi ekki rétt að sækja um slíkt leyfi, enda var þá ekki vitað, að smáfiskurinn héldi sig svo mjög innan marka landhelginnar eins og í ljós kom, sbr. umsögn rannsóknamannsins.... Er líklegt, að ég hefði sótt um slíkt leyfi til skamms tíma, ef vitað hefði verið fyrir um útbreiðslusvæði og dreifingu fisksins. Samt er reglan sú, að ekki er sótt um leyfi til landhelgisveiða nema til skipa, er Hafrannsóknastofnunin hefur umráð yfir, en þó er út af því brugðið, þyki sérstök ástæða til.“

Leitt er í ljós, að hinn 1. ágúst 1972 beindi sjávarútvegsráðuneytið þeim tilmælum til skipstjóra allra togbáta, „að þeir stundi veiðar sínar utan 8 sjómílna marka frá grunnlínu á svæðinu frá Dyrhólaey austur að Kambanesi“, og er

þess getið, að tilmælin séu sett fram „til verndunar smáýsu“.

Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur markað á sjóupprátt staðarákvarðanir starfsmanna Landhelgisgæzlunnar, þær er greinir í gögnum máls þessa og lýst er í héraðsdómi. Í greinargerð skólastjórans, sem dagsett er 9. apríl 1973, segir svo: „Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég sett út í meðfylgjandi sjókort nr. 30 staðarákvarðanir gæzluflugvélarinnar TF-SÝR, eins og um getur í hæstaréttarmálinu nr. 39/1973: Ákærvaldið gegn Ásmundi Jóhannssyni, skipstjóra á m/b Ársæli Sigurðssyni, GK 320. Á kortinu eru:

A = staður bátsins kl. 0848 h. 18/8 '72 samkv. tímamælingu flugvélarinnar. Staður A mælist um 1.9 sjóm. frá landi eða um 1.1 sjóm. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.

B = staður bátsins kl. 0902 samkv. tímamælingu flugvélarinnar. Staður B mælist um 2.65 sjóm. frá landi eða um 0,35 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Hraði bátsins milli mælistaða reiknast mér um 4.1 sjóm.

Hvað snertir fjarlægðarákvarðanirnar, sem gerðar eru með flugtíma og flughraða, tel ég, að sannreyna hefði átt þessa aðferð með því að fljúga nokkrum sinnum milli þekktra punkta og athuga, hvernig flugtími og hraði kom heim við fjarlægðina milli punktanna.

Miðað við stefnurnar 305° og 320° og vind SV-3 ættu áhrif vindsins á hraða flugvélarinnar að hafa verið lítil.“

Fallast ber á mat héraðsdóms um, að ákærði hafi gerzt sekur um fiskveiðibrot það, er hann er sóttur til saka fyrir í ákæru. Eigi verður talið, að háttsemi hans réttlætist af afsakanlegum misskilningi á lagareglum, sbr. 3. tl. 1. málsg. 74. gr. almennra hegningarlaga. Ber að refska ákærða samkvæmt 1. málsg. 4. gr., nú 8. gr., sbr. 7. gr., nú 11. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1972, sbr. einnig lög nr. 89/1971, 1. gr., og síðar lög nr. 101/1972, 5. gr., og nú bráðabirgðalög nr. 74/1973, 1. gr. Reglugerð nr. 3/1961, sem greind er í ákæruskjali, féll úr gildi 1. september 1972, og leysti reglugerð nr. 189/1972 hana af hólmi.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 24. september 1973, jafngilda 100 gullkrónur 5.089.50 seðlakrónum. Stærð skips ákærða er rétt greind í héraðsdómi.

Samkvamt framangreindum refsíákvæðum, sbr. lög nr. 4/1924, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Ársæls Sigurðssonar, GK 320, svo og málskostnaðarákvæði dómsins.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, kr. 15.000.00.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Ásmundur Jóhannsson, greiði 60.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Ársæls Sigurðssonar, GK 320, skulu óröskuð svo og málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og laun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Jóns E. Ragnarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 21. ágúst 1972.

Árið 1972, mánudaginn 21. ágúst, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háður var í dómsal embættisins af Guðmundi L. Jóhannessyni ásamt meðdómsmönnum Árna Sigurðssyni og Þorsteini Einarssyni, fyrrverandi skipstjórum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 758/1972: Ákærvaldið gegn Ásmundi Jóhannssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Ásmundi Jóhannssyni, Vörum, Grindavík, skipstjóra á vélskipinu Ársæli Sigurðssyni, GK 320, sem er 195 brúttó rúmlestir, fyrir fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu nr. 62/1967, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969 um breytingu á þeim lögum, sbr. lög nr. 89/1971, og 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961 með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndu skipi föstudagsmorguninn 18. ágúst 1972 við Ingólfshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. nefndrar reglugerðar nr. 3/1961, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum C 1 og C 2 liði 2. gr. nefndra laga nr. 21/1969, sbr. þau lög að öðru leyti og reglugerðir nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærast því nefndur Ásmundur Jóhannsson til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 5. gr. laga nr. 21/1969, og til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds skips og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 9. maí 1942 á Siglufirði, og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1959 21/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1962 9/3 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: Varðhald í 10 daga, sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dómsins, fyrir brot á umferðarlögum og áfengislögum.

1962 8/12 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.

1965 14/6 á Akureyri: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengislaga og 7., sbr. 78. gr. lögreglusamþykktar.

1965 29/6 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir ölvun.

1964 19/8 á Seyðisfirði: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.

1965 1/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 18. ágúst 1972 var flugvél Landhelgisgæslunnar, TF SÝR, í gæzluflugi við SA land, er m/b Ársæll Sigurðsson, GK 320, var staðinn að ólöglegum veiðum innan þriggja mílna fiskveiðitakmarkanna út af Ingólfshöfða. Nánar segir svo um þetta í skýrslu skipherrans á varðskipinu, Ólafs V. Sigurðssonar, að „kl. 0848 var flogið yfir bátinn með stefnu á Ingólfshöfðavita. Togvírar sáust í blökk stb.-megin. Flugstefna var rv. 305°, flughraði

130 sml., flughæð 200 fet, flugtími 52 sek. Gefur það stað bátsins um 1,9 sml. frá landi.

Kl. 0855 var flogið yfir GK-320 og voru togvírar í blökk.

Kl. 0902 var flogið yfir bátinn með stefnu á Ingólfshöfðavita.

Flugstefna rv. 320°, flughraði 130 sml., flughæð 500 fet, flugtími 73,5 sek. Togvírar eru þá enn í blökk.

Gefur það stað bátsins um 2,65 sml. frá landi.

Kl. 0917 var enn flogið yfir bátinn, og togaði hann þá enn með stefnu frá landi.

Flugtími var mældur samtímis með þremur skeiðklukkum af skipherra, stýrimanni og flugmanni, og bar þeim saman.

Skipherra las af flugmælum með flugmönnum, sem einnig gáfu merki, þegar flogið var yfir mælingastaði. Vindur var SV 3, sjólitíð, skýjað.“

Þeir Ólafur V. Sigurðsson skipherra, Hermann Sigurðsson stýrimaður og Páll Halldórsson, flugmaður á flugvél Landhelgisgæzlunnar, TF SÝR, hafa allir komið hér fyrir dóm og borið um efni skýrslunnar, og staðfestu þeir framburði sína með eiði.

Kom þar fram, að mælingin hafði farið þannig fram, að er flugvélin var beint yfir m/b Ársæli Sigurðssyni með stefnu á Ingólfshöfðavita, voru þrjár skeiðklukkur settar í gang samtímis og þær stöðvaðar samtímis, um leið og flugvélin var yfir Ingólfshöfðavita. Fjarlægð bátsins frá landi svo fundin út með hlutfallsreikningi, þ. e. flugtími miðaður við flughraða á klst.

Seinni mælingin fór eins fram.

Öllum ber þeim saman um að hafa séð skipið á ferð með togvira í sjó, og sáu þeir allir einkennisstafi bátsins. Þeim ber og saman um, að skeiðklukkurnar hafi allar sýnt sama tíma, er þær voru stöðvaðar.

Flugmaður kvað hafa verið haldið jöfnum hraða á leiðinni frá bátnum að vitanum á Ingólfshöfða og vindur ekki verið það mikill og staðið á hlið flugvélarinnar, þannig að hann hefði ekki haft áhrif á hraðann.

Ákærði hefur viðurkennt hér fyrir dómi að hafa verið að veiðum innan þriggja mílna fiskveiðitakmarkanna. Kvaðst hann hafa verið föstudaginn 18. ágúst s.l. á veiðum með m/b Ársæl Sigurðsson, GK 320, út af Ingólfshöfða og laust fyrir kl. 0700 kastað um 4 mílur utan við Ingólfshöfða og togað að landi, þar til hann var um 1 mílu frá austurhorni höfðans, en þá snúið við og togað aftur út frá landi og verið á útleið frá landinu, þegar flugvél

Landhelgisgæzlunnar hafi komið og sveimað yfir þeim og hann gert sér grein fyrir því, að verið var að staðsetja bátinn vegna meintrar ólöglegrar veiði í landhelgi. Hann hafi samt haldið áfram að toga, þar til hann hafi verið kominn að 4 mílna mörkunum, en þá hafi hann híft og upp komið um $\frac{1}{2}$ lest af ufsa. Ákærði vefengir ekki mælingar Landhelgisgæzlunnar, en útsettan stað bátsins á sjókort samkvæmt seinni mælingunni kvað hann þó vart fá staðizt, þar sem á þeim stað sé hraunbotn og útilokað hafi verið fyrir hann að toga þar, með því að botnvarpan hafi verið með fótreiði, en ekki bobbingum.

Ástæðuna fyrir veiðum sínum innan þriggja mílna markanna kvað ákærði þá, að hann hefði viljað sýna fram á, að ekki væri meira um smáfisk á veiðisvæðinu frá 4 sjómílna landhelgislinunni að 8 mílna línunni. Hann sagði því hafa verið haldið fram, að mikið væri um smáfiskadráp á þessu svæði, og þeim tilmælum verið beint til skipstjóra að halda sig utan 8 sjómílna markanna.

Um borð í báti hans hafi í þessari veiðiferð verið starfsmaður Hafrannsóknastofnunarinnar, sem átt hafi að fylgjast með, hvort mikið væri um veiði á smáýsu.

Til að sýna starfsmanni Hafrannsóknastofnunarinnar fram á, að ákærði hafi ekki verið með hann á veiðisvæðum, þar sem lítið væri um smáfisk, svo og vegna þess, að starfsmaðurinn hafi haft áhuga á, að veitt yrði innan markanna til að kanna, hvað kæmi úr vörpunni þar, kveðst ákærði hafa farið inn fyrir, svo að hann kæmist að raun um, að ekki væri meira af smáfiski þar. Ákærði kvað starfsmanninn ekki hafa hvatt sig til að fara inn fyrir. Hann hafi leitað leyfis opinberra aðilja til þess að fá að fara inn fyrir, og var ákærða ljóst, að hann hafði ekki fengið leyfið.

Starfsmaðurinn hefur hér fyrir dómi staðfest frásögn ákærða um þetta atriði.

M/b Ársæll Sigurðsson er 195 brúttósmálestir að stærð.

Með framburði ákærða, vætti skipherrans og annarra af áhöfn TF SÝR svo og með framlögðu sjókorti er nægilega sannað, að ákærði var að ólöglegum veiðum innan leyfðra veiðimarka í umrætt sinn, eða innan þriggja mílna landhelginna.

Með þessu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur við þau laga- og reglugerðarákvæði um veiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands, sem um getur í ákæruskjali.

Refsing hans þykir samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 5. gr. laga nr. 21/1969, og með tilliti til núverandi gullgengis ísenzkrar krónu og stærð-

ar bátsins m/b Ársæls Sigurðssonar, GK 320, hæfilega ákveðin 60.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Öll veiðarfæri m/b Ársæls Sigurðssonar, GK 320, í veiðiferð frá 11.—19. ágúst 1972, þar með taldir dragstrengir, svo og afli í þessari veiðiferð ber að gera upptæk til sama sjóðs, en þau voru metin á samtals kr. 197.278.00.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ásmundur Jóhannsson, greiði krónur 60.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og afli í veiðiferð m/b Ársæls Sigurðssonar, GK 320, 11.—19. ágúst 1972 skulu upptæk vera til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
